

JONAS BOKELMANN

## Hjá héraðslækni á Íslandi eftir mislukkaða heimsreisnu

Albert Daudistel, alþjóðasinnaðar bókmenntir  
og útleigðin á Íslandi

Þegar þýski skáldsagnahöfundurinn og flóttamaðurinn Albert Daudistel lést í Reykjavík árið 1955 eftir átján ára útleigð skrifaði Björn Franzson minningargrein um hann í *Þjóðviljann*, dagblað Sósíalístaflokksins,<sup>1</sup> og Gunnar Benediktsson flutti útfararræðuna. Tuttugu árum fyrr höfðu báðir verið í hópi þeirra höfunda sem tengdist *Rauðum pennum*, því ársriti sem telja má helsta framlag róttækra vinstrisinnaðra höfunda á Íslandi til alþjóðasinnaðra bókmennta.<sup>2</sup>

Í ræðu sinni fjallar Gunnar um erfiðleika Daudistels í úlegðinni á Íslandi og nefnir sérstaklega einangrun hans á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Í því samhengi vikur hann að þætti sem dregur fram mikilvægi alþjóðasinnaðra bókmennta og alþjóðlegs dreifingarkerfis þeirra fyrir ævi Daudistels, ekki aðeins með tilliti til bókmenntavettvangsins í Þýskalandi um 1920 heldur einnig í útleigðinni á Íslandi. Eftir að hafa lýst þeim erfiðleikum sem Daudistel þurfti að takast á við þegar í upphafi útleigðarinnar, nefnir Gunnar að skömmu eftir komuna til Íslands hafi þýski rithöfundurinn rekist á eintak af *Das Opfer* (Fórnarlambið), þekktri skáldsögu sinni um þýsku byltinguna árið 1918, í bókabúð í Reykjavík.<sup>3</sup> Að sögn Gunnars hélt þessi óvænta og heillandi uppgötvun Daudistel meira og

<sup>1</sup> Björn Franzson, „Albert Daudistel. Nokkur minningarorð“, *Þjóðviljinn* 12. ágúst 1955, bls. 5 og 7.

<sup>2</sup> Sjá Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir. Bókmenntahreyfing á 2. fjórðungi 20. aldar*, Reykjavík: Mál og menning, 1990; Rósa Magnúsdóttir, *Kristinn og Þóra. Rauðir þræðir*, Reykjavík: Mál og menning, 2021.

<sup>3</sup> Landsbókasafn Reykjavíkur, Handritadeild, 202117, gögn Gunnars Benediktssonar, jarðfararræða um Albert Daudistel, bls. 13–14.



Ritið  
2. tbl. 24. árg. 2024 (113-132)  
Ritrynd grein

© 2024 Ritið, úmarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.24.2.6  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

minna á lífi þrátt fyrir almenna tilfinningu hans fyrir því að vera lentur í litlum bæ á útnára heimsins, eins og hann lýsir í upphafi óútgefinnar skáldsögu sinnar, *Die Insel des fremden Königs* (Eyja hins erlenda konungs), sem skrifuð var á árunum 1938–1952.<sup>4</sup> Á raun hafði *Das Opfer*, nánar til tekið önnur útgáfa skáldsögunnar sem gefin var út af Internationaler Arbeiter-Verlag eða Alþjóðlega verkalýðsforlaginu, borist til Íslands árið 1933, einum fimm árum áður en Daudistels kom til landsins, líkt og sjá má af auglýsingu sem birtist í *Rauða fánanum*.<sup>5</sup>

Sögur og atvik af þessu tagi varpa ljósi á mikilvægi þess að huga að tengslum Daudistels og verka hans við vettvang alþjóðasinnnaðra bókmennta jafnt á útleððarárunum og á tímabilinu sem á undan fór. Áður en ráðist er í slíka umfjöllun er þó gagnlegt að draga fram nokkur mikilvæg atriði sem snúa að ævi og rithöfundarferli Alberts Daudistel, enda er hann að miklu leyti gleymdur höfundur í dag.

### *Flækingur, rauður sjóliði, byltingarsinnaður verkalýðshöfundur og þýskur flóttamaður á Íslandi*

Albert Daudistel fæddist í Frankfurt am Main árið 1890. Fyrir fyrri heimsstyrjöldina var hann flækingur og sjómaður en gerðist síðar svokallaður „rauður sjóliði“ eða *Roter Matrose* og tók sem slíkur þátt í þýsku nóvemberbyltingunni í Kiel, Wilhelmshafen og öðrum þýskum borgum árið 1918. Hann tók einnig virkan þátt í ráðstjórnarbyltingunni í Bæjaralandi árið 1919. Þar gegndi hann hlutverki Alþýðufulltrúa fyrir pólitíska flóttamenn og erlenda byltingarsinna (Volkskommissar für politisch Verfolgte und auswärtige Revolutionäre) um tveggja vikna skeið og var dæmdur til sex ára fangelsisvistar eftir að hvítliðar hertóku München þann 1. maí árið 1919.<sup>6</sup> Í fangavistinni byrjaði Daudistel að skrifa og var hann meðal annars hvattur til þess af leikskáldinu Ernst Toller og rithöfundinum Erich Mühsam, en þeir sátu þá einnig af sér fangelsisdóma vegna aðkomu sinnar að ráðstjórnarbyltingunni. Eftir að Daudistel var látinn laus úr haldi árið 1924 hélt hann til Berlínar og gaf út skáldsögurnar *Die lahmen Götter* (Máttlausu guðirnir, 1924) og *Das Opfer* (Fórnarlambið, 1925). Bæði þessi verk hafa verið

<sup>4</sup> Universitätsbibliothek Johann Christian Senckenberg Frankfurt am Main, Ms\_Ff\_A\_Daudistel\_I\_6. Albert Daudistel, *Die Insel des fremden Königs*, 1952, bls. 26–38.

<sup>5</sup> *Rauði fáninn* 2/1933, bls. 8.

<sup>6</sup> Walter Fähnders, „„Aber diese verfluchten Menschen versagten!“: Albert Daudistels Roman *Das Opfer* (1925)“, „*Friede, Freiheit, Brot!*“. *Romane zur deutschen Novemberrevolution*, ritstjórar Ulrich Kittstein og Regine Zeller, Amsterdam og New York: Rodopi, 2009, bls. 139–162; Hans-Jörg Viesel (ritstjóri), *Literaten an der Wand. Die Münchner Räterepublik und die Schriftsteller*, Frankfurt am Main: Büchergilde Gutenberg, 1980, bls. 595–623.

talin mikilvæg í umfjöllun um byltingarsinnaðar verkalýðsbókmenntir í Þýskalandi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar.<sup>7</sup> Málsvarar kommúnismans á þýskum bókmenntavettvangi töldu að þau hefðu átt þátt í að leggja grunn að nýrri tegund sósíalískra bókmennta á þriðja áratugnum, þar á meðal skáldið Johannes R. Becher,<sup>8</sup> en verkunum var einnig vel tekið af sósíaldemókrötum og innan anga verkalýðshreyfingarinnar.<sup>9</sup> Auk verka sem hverfast um ólíkar hliðar þýsku byltingarinnar skrifaði Daudistel nokkrar skáldsögur um önnur viðfangsefni. Þar ber einkum að nefna *Eine schön mißglückte Weltreise* (Mislukkuð heimsreisa, 1926), *Wegen Trauer geschlossen* (Lokað vegna sorgar, 1926) og *Der Bananenkreuzer* (Bananaskipið, 1935). Ein skáldsaga til viðbótar, *Die Sekretärin des Prälaten*, kom út sem framhaldssaga í *Arbeiter-Zeitung für Schlesien und Oberschlesien* árið 1929.<sup>10</sup> Auk þess skrifaði Daudistel á tímum Weimar-lýðveldisins allnokkuð af smásögum sem birtust í blöðum og tímaritum kommúnista og sósíaldemókrata og var hann einkum þekktur fyrir slíkar smásögur sem birtust í blöðum á borð við *Berliner Tageblatt*, *Vossische Zeitung* og *Frankfurter Zeitung*, sem voru stærstu borgaralegu dagblöðin í Þýskalandi á sínum tíma og í miklum metum, ekki síst fyrir aukablöð þeirra sem helguð voru menningu. Textar Daudistels fjalla að miklu leyti um ár hans á flækingi og á sjónum og af þeim sökum er verkunum í dag gjarnan skipað í sérstakan flokk þýskra verkalýðsbókmennta frá þriðja áratug tuttugustu aldar, sem kenndar hafa verið við „sósíalískar uppreisnarbókmenntir“ eða *sozialistische Rebellenliteratur*.<sup>11</sup>

Árið 1935 flúði Daudistel undan nasistum og fór hann fyrst til Tékkóslóvakíu, en hélt síðan áfram til Kaupmannahafnar þar sem þau Edith eiginkona

<sup>7</sup> Walter Fähnders, „Aber diese verfluchten Menschen versagten!“, bls. 157–162; Helmuth Kiesel, *Geschichte der deutschsprachigen Literatur. 1918 bis 1933*, München: C.H. Beck, 2017, bls. 529 og 733.

<sup>8</sup> Johannes R. Becher, „Über die proletarisch-revolutionäre Literatur in Deutschland“, *Zur Tradition der deutschen sozialistischen Literatur. Eine Auswahl von Dokumenten. 1926–1935*, ritstjóri Alfred Klein, Berlín og Weimar: Aufbau, 1979, bls. 54.

<sup>9</sup> Það er því ekki tilviljun að Willi Bredel (einn af þekktustu þýsku verkalýðsrithöfundum) skuli nefna Daudistel í sömu andrá og Adam Scharrer í eftirmála að austur-þýskri útgáfu á skáldsögu Scharrers, *Maulwürfe* eða *Moldvörpurnar* (Willi Bredel, „Nachwort“, Adam Scharrer, *Maulwürfe. Ein deutscher Bauernroman*, Berlín: Aufbau, 1950, bls. 365). Bæði Scharrer og Daudistel höfðu bakgrunn sem flækingar og þátttakendur í byltingunni í þýskum strandborgum undir lok árs 1918 en urðu seinna hvorki meðlimir í SPD né KPD (flokkuð sósíaldemókrata og kommúnista) heldur lentu á milli fylkinga sem öreigahöfundar.

<sup>10</sup> Aðrar skáldsögur eru óútgefnar en eru varðveittar í handriti á skjalasafni háskólans í Frankfurt am Main, meðal annars *Die Insel des fremden Königs*.

<sup>11</sup> Helmuth Kiesel, *Geschichte der deutschsprachigen Literatur*, bls. 653.

hans hjuggu í tvö ár. Í janúarmánuði árið 1938 fluttu hjónin áfram til Íslands fyrir tilstuðlan *Rauðra penna* og *Rauðu hjálparinnar*, sem var íslensk deild hjálpar-samtaka sem stofnuð voru á vegum Komintern árið 1922 fyrir vinstrisinnaða pólitíska aðgerðarsinna sem höfðu lent upp á kant við ríkisvaldið í heimalöndum sínum. Á Íslandi hélt Albert áfram að skrifa smásögur og skáldsögur, en fékk því sem næst ekkert gefið út, á meðan Edith sinnti ýmsum störfum til að sjá fyrir þeim, hún starfaði síðar sem blaðakona, skrifaði greinar um Ísland og fjallaði um ferðalög sín í fjarlægum löndum.<sup>12</sup> Edith var opinn og líffegur persónuleiki og umgekkst margt fólk í Reykjavík,<sup>13</sup> Albert átti aftur í móti í miklum erfiðleikum með að komast yfir þungbæran flóttu frá Þýskalandi og var mjög einangraður á Íslandi.<sup>14</sup> Helst hafði hann samband við rithöfunda úr hópi *Rauðra penna*, einkum Kristin E. Andrésón, Halldór Laxness og Halldór Stefánsson, en hann virðist lítið sem ekkert hafa rætt bókmenntir og fagurfræði við þá.<sup>15</sup> Þó má nefna að Halldór Stefánsson þýddi eina smásögu eftir Daudistel og birtist hún í nóvember 1955, skömmu eftir andlát höfundarins og til minningar um hann.<sup>16</sup> Auk þess var Albert í vináttu við þýska flóttamanninn Otto Weg Magnússon og Arnfinn Jónsson, skólástjóra, sem átti þýska eiginkonu.<sup>17</sup> Einnig getur sonur þeirra, Róbert Arnfinnsson leikari, Alberts og Edithar í endurminningum sínum<sup>18</sup> og hefur Stella Guðmundsdóttir, eiginkona hans, sagt mér að á sjötta áratugnum hafi þau stundum spjallað við hjónin um leikrit sem þá voru sett upp á sviði Þjóðleikhússins.<sup>19</sup> Bæði Albert og Edith Daudistel dóu í Reykjavík, hann árið 1955 og hún níttján árum síðar.

### *Um mismunandi tegundir alþjóðasinnaðra bókmennta*

Líkt og vikið var að í inngangi er markmið þessarar greinar að huga nánar að tengslum Daudistels við alþjóðasinnaðar bókmenntir bæði í samhengi Weimar-

<sup>12</sup> Halldór Guðmundsson, „Albert Daudistel. Höfundur í útlegð“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2016, bls. 62–69.

<sup>13</sup> Sama heimild, bls. 62.

<sup>14</sup> Ólafur Jóhann Sigurðsson, „Á erfitt með að ímynda mér óskipulegri hóp en okkur“, *Helgarpósturinn* 29/1983, bls. 12.

<sup>15</sup> Landsbókasafn Íslands, handritadeild, Halldór Laxness einkaskjalasafn, 200NF, Auður og Halldór Laxness í samræðum við Hansjörg Viesel, 3. janúar 1982. Ég kann Guðnýju Halldórsdóttur kærar þakkar fyrir að gefa mér leyfi til að nota þessa heimild.

<sup>16</sup> Albert Daudistel, „Griðboðinn“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Tímarit Máls og menningar* 3/1955, bls. 225–227.

<sup>17</sup> Hansjörg Viesel, *Mit den „Waffen des Geistes“: Ein Portrait des Frankfurter Arbeiterdichters und Revolutionärs Albert Daudistel*, útvarpsþáttur, Hessischer Rundfunk, útvarpað 5. desember 1990.

<sup>18</sup> Eðvarð Ingólfsson, *Róbert. Ævisaga listamanns*, Reykjavík: Æskan, 1993, bls. 35.

<sup>19</sup> Stella Guðmundsdóttir í símtali við höfund þessarar greinar, 10. júní 2017.

lýðveldisins og með hliðsjón af útleð hans á Íslandi. Í því samhengi er vert að hafa í huga að alþjóðasinnaðar bókmenntir þriðja áratugarins voru með öðru sniði en alþjóðasinnaðar bókmenntir fjórða áratugarins eins og Katerina Clark og Christoph Schaub hafa bent á. Fyrri tegundin hverfðist um hugmyndina um þverþjóðlega gagnmenningu verkalýðsstétta og var ætlað að móta nýja afstöðu til sögu og menningar heimsins frá sjónarhóli öreiga og fátæklinga. Sú síðari, sem tengdist fyrst og fremst svokallaðri samfylkingu eða breiðfylkingu alþýðunnar gegn fasismanum (þ. *Volksfront*; hugmyndin um bandalag sameinaðrar verkalýðshreyfingar við ákveðnar greinar borgarastéttarinnar), mótaðist að nokkru leyti af fagurfræði sósíalísks raunsæis og horfði um leið til borgaralegra heimsbókmennta og ólíkra hefða mannúðarstefnu sem höfðu tekið á sig mynd í mismunandi þjóðríkjum.<sup>20</sup> Fagurfræðilegar áherslur samfylkingarstefnunnar urðu einkum áberandi frá og með svokölluðu Alþjóðlegu rithöfundapingi til varnar menningunni sem haldið var í París í júnímánuði árið 1935.

Eins og Schaub hefur bent á var fyrri tegund alþjóðasinnaðra bókmennta tilraunakenndari með tilliti til fagurfræði og ímyndir hennar af verkalýðnum mun fjölbreyttari en síðar varð. Hann bendir jafnframt á að alþjóðasinnaðar bókmenntir þriðja áratugarins hafi ekki aðeins hverfst um einhvers konar óhlutbundna ímynd, heldur hafi verið litið á þær sem birtingarmynd nálægrrar framtíðar er ætti að leggja grunn að nýrri gerð bókmennta hér og nú. Schaub lýsir því enn fremur hvernig margir textar höfunda eins og Franz Jung, Önnu Seghers eða Egons Erwins Kisch hafi leitast við að endurspegla hið nýja viðmið alþjóðasinnaðra heimsbókmennta jafnt í söguþræði sínum og frásagnargerð. Þetta gerðu höfundarnir meðal annars með því að beita svokallaðri klippitækni eða *Montage* til þess að skapa ný og óvænt tengsl á milli lýsinga á lífskjörum verkamanna í ólíkum heimshlutum. Á þennan hátt byggðist upp brotakennð ímynd af vaxandi þverþjóðlegri stétt verkamanna sem ætlað var að gegna hlutverki pólitískrar hreyfingar, þar sem frásagnir, hugmyndir og reynslusögur bárust manna á milli í opinni samræðu, bæði til að styrkja fjölbreytileika hreyfingarinnar og leggja grunn að sameiginlegri baráttu hennar.<sup>21</sup>

<sup>20</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten. Internationalistische Weltliteratur in der Weimarer Republik*, Berlín: De Gruyter, 2019, bls. 10–11; Katerina Clark, *Moscow. The Fourth Rome. Stalinism, Cosmopolitanism, and the Evolution of Soviet Culture 1931–1941*, Cambridge og London: Harvard University Press, 2011, bls. 178. Clark gerir jafnframt grein fyrir því að ýmsar hugmyndir sem gegndu lykilhlutverki fyrir fyrstu tegund alþjóðasinnaðra bókmennta (heimsbyltingin og bókmenntalegar tilraunir sem ætlað var að leggja grunn að nýrri alþjóðlegri verkalýðsmenningu) voru í meginatriðum útilokaðar þegar önnur tegund alþjóðasinnaðra bókmennta festist í sessi upp úr 1935.

<sup>21</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 105.

Hér er vert að huga nánar að þeirri spurningu hvernig alþjóðasinnaðar bókmenntir endurspegluðu eða miðluðu birtingarmynd hinnar alþjóðlegu gagnmenningar verkalýðsins. Samkvæmt Schaub er hér einkum brýnt að horfa til fjögurra atriða, sem hinar alþjóðasinnuðu bókmenntir einkendust af:<sup>22</sup>

- umræðum um hvað alþjóðasinnaðar bókmenntir (sem heimsbókmenntir verkalýðsins) væru og með hvaða hætti þær greindu sig frá klassískum heimsbókmenntum borgarastéttarinnar;
- umræðum um hvaða tegundir eða bókmenntagreinir ættu að gegna leiðandi hlutverki á vettvangi rauðra heimsbókmennta;
- mótun eigin hefðarveldis, með viðamikilli umfjöllun um nýút-komnar bækur og skýrslum um alþjóðasinnaðar bókmenntir, þróun þeirra og útbreiðslu;
- stofnun og dreifingu eigin tímarita og ritraða.

Með hliðsjón af þessum atriðum er óhætt að fullyrða að verk Daudistels hafi tvímælalaut tilheyrt vettvangi alþjóðasinnaðra bókmennta á þriðja áratugnum. Með tilliti til fræðilegrar umræðu um bókmenntir verkalýðsins og áherslunnar á mótun nýs hefðarveldis má hér vísa til greinar Max Herrmann-Neiße, „Die bürgerliche Literaturgeschichte und das Proletariat“ (Borgaraleg bókmenntasaga og öreigarnir), þar sem hann tekst á við slíkar spurningar,<sup>23</sup> en hann átti síðar eftir að kalla *Das Opfer* eina af fyrstu frásögnunum um fyrri heimsstyrjöldina og nóvemberbyltinguna er væri skrifuð frá sjónarhóli öreiga og í „réttum stíl öreigastéttarinnar“.<sup>24</sup>

Tveimur árum fyrr hafði Rudolf Leonhard, fyrrverandi expressjónisti og byltingarskáld eins og Herrmann-Neiße, skrifað formála að *Die lahmen Götter* og lýst því verki á svipaðan hátt:

Hér er sýnidæmi um þá list sem mun fylgja í kjölfarið á úrslitaorru expressjónismans, hér má þegar sjá að þessi list mun ekki verða náttúralísk en hlutbundin í hæsta máta. Með sterkum dráttum sínum, drifkrafti, sálfræðilegri og félagsfræðilegri stefnufestu leggur þessi frásögn sitt af mörkum til nýs upphafs í þróun bókmenntanna, sem Carrà

<sup>22</sup> Sama heimild, bls. 19.

<sup>23</sup> Max Herrmann-Neiße, „Die bürgerliche Literaturgeschichte und das Proletariat“ [1922], *Literatur im Klassenkampf. Zur proletarisch-revolutionären Literaturtheorie 1919–1923*, ritstjórar Walter Fähnders og Martin Rector, München: Carl Hanser Verlag, 1971, bls. 64–86.

<sup>24</sup> Max Herrmann-Neiße, „Albert Daudistel. Das Opfer“, *Die Aktion* 16/1926, bls. 28–29.

og George Groß hafa stuðlað að í málalalistinni. [-] Hér er ekki aðeins nýr maður og nýtt verk, ekki aðeins rödd stéttar sem knýr á um að á hana sé hlustað, sem hefur verið þurrausin þúsund sinnum og svipt þeim einstaklingum er búa yfir sköpunarkrafti, en hefur engu að síður á valdi sínu, ekki aðeins framleiðsluförða alls samfélagsins heldur einnig sína eigin framleiðslu og stefnir ótrauð áfram – hér má, án þess að það sé ætlunin, fá hugboð um þá list sem brátt mun koma fram [...].<sup>25</sup>

Á vegum forlagsins Die Schmiede gaf Leonhard út ritröðina *Romane des 20. Jahrhunderts* eða „Skáldsögur tuttugustu aldar“, sem hafði að geyma verk höfundar frá ýmsum löndum Evrópu. Á tímabilinu frá 1924 til 1926 birtust þar meðal annars textar eftir Franz Kafka, Joseph Roth, Marcel Proust, Francis Carco og Raymond Radiguet. *Die lahmen Götter* var ein af fyrstu bókunum sem kom út í þessari röð og sú eina sem gefin var út með slíkum formála. Þannig má fullyrða að með formálanum hafi Leonhard í raun mótað og sett fram nokkurs konar alþjóðlega stefnu fyrir ritröðina og haft verk Daudistels að fyrirmynd. Í samhengi við hefðarveldi og innvígsluaðferðir rauðra heimsbókmennta er einnig vert að nefna að Daudistel tileinkaði *Die lahmen Götter* Romain Rolland,<sup>26</sup> sem þá þegar hafði gegnt lykilhlutverki á fjölþjóðlegri friðarstefnu á tíma heimsstyrjaldarinnar fyrri og naut mikillar virðingar kommúnista um allan heim. Rolland mat verk Daudistels einnig mikils og voru umsagnir franska Nóbelskáldsins raunar notaðar af nokkrum forlögum til að auglýsa skáldsögur þýska höfundarins.<sup>27</sup>

Þrátt fyrir að *Romane des 20. Jahrhunderts* og Die Schmiede hafi sent frá sér tugi verka sem fremur mætti kenna við sósíalískt raunsæi eða móðernisma en byltingarsinnaðar bókmenntir, lögðu þátttakendur í umræðunni um verkalýðsbókmenntir og hina nýju byltingarsinnuðu strauða snemma áherslu á að margir höfundar og verk á vegum Die Schmiede gætu hæglega fallið að þeirri menningarstarfsemi sem tengdist Þýska kommúnistaflokki. Það var raunar þetta sem átti sér stað í tilviki Alberts Daudistel, því árið 1927 var *Das Opfer* gefin út á vegum bókaklúbbsins Universum Bücherei für Alle og síðar var hún endurútfengin af Internationaler Arbeiter-Verlag eins og áður var nefnt.

Í framhaldi af því að Universum Bücherei für Alle dreifði *Das Opfer* til meðlima sinna tóku textar Daudistels og umfjöllun um verk hans einnig að birtast í

<sup>25</sup> Rudolf Leonhard, „Vorbemerkung“, Albert Daudistel, *Die lahmen Götter*, Berlín: Die Schmiede, 1924, bls. 11–12.

<sup>26</sup> Albert Daudistel, *Die lahmen Götter*, bls. 260.

<sup>27</sup> Sjá Charlot Strasser, *Arbeiterdichtung. 7 Vorlesungen gehalten in der Volkshochschule Zürich*, Zürich: VPOD, 1930, bls. 203–204.



tímariti bókaklúbbsins, *Blätter für Alle*, sem síðar var gefið út undir heitinu *Magazin für Alle*, en tímaritið var einn mikilvægasti útgáfuvettvangur alþjóðasinnaðra bókmennta.<sup>28</sup> Árið 1927 kynnti *Blätter für Alle* Daudistel sem nýjan rithöfund í hópi Universum-höfunda og þar veur athygli að Daudistel er lýst sem höfundur er vinni með markvissum hætti úr verkum hins nýja hefðarveldis alþjóðasinnaðra bókmennta og megi þar með teljast hluti þess:

Þá kemur honum fyrir sjónir *Meistari Breugnon*, þessi agaðasta bók heimsstyrjaldarinnar, þar sem magnað skáld og stórbrotin manneskja, Romain Rolland, lætur skína í „hina ásjónu“ stríðsins í gegnum leðjuna og blóðið, ódauðlega ásjónu hins glaðvera og heilsteypa manns. Innblásinn af bók Rollands og enn óöruggur í formsköpun sinni skrifar Albert Daudistel sína fyrstu bók: *Die lahmen Götter* [...]. Albert Daudistel, hinn hugrakki, rauði sjóliði götubardagans varð að alvöru listamanni fyrir tilstuðlan Rollands.<sup>29</sup>

Eins og Schaub hefur bent á er Universum Bücherei für Alle lýsandi dæmi um alþjóðasinnaðar bókmenntir þriðja áratugarins, þar sem hinni fjölþjóðlegu verkalýðsstétt er ekki lýst sem einsleitri heild heldur brugðið upp mynd af „margbrotnum heimi“ (þ. *Multiversum*) verkalýðsins.<sup>30</sup> Í tímariti bókaklúbbsins birtist þessi hugmynd ekki aðeins í því að lögð er áhersla á að draga fram líkindi með ólíkum bardögum verkalýðshreyfingarinnar víðs vegar um heiminn eða varpa upp ímyndum af dýrð heimsins eftir byltinguna.<sup>31</sup> Í tímaritinu er einnig lögð áhersla á nauðsyn þess að bregðast við mismun og þverstæðum hinnar al-

<sup>28</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 76–85.

<sup>29</sup> Anonymus, „Der Matrose Muck erzählt. Aus dem abenteuerlichen Leben eines proletarischen Dichters“, *Blätter für Alle* 6/1927, bls. 119. Skáldsaga Rollands kom upphaflega út á frönsku árið 1918, undir heitinu *Colas Breugnon*. Aðalpersónan er gamall en hress bóndi frá Bourgogne sem segir skemmtilegar sögur þar sem hann gerir grín að hefðbundnum siðum og gildum, þar á meðal kirkjunnar.

<sup>30</sup> Að mati Schaub brugðu *Blätter für Alle* og *Magazin für Alle* ekki aðeins upp mynd af margbrotnum heimi með birtingu ólíkra bókmenntagreina heldur lögðu tímaritin einnig sitt af mörkum til að gera Universum Bücherei að „ímynduðu samfélagi“ í skilningi Benedicts Anderson, að því leyti að tímaritin voru opin fyrir tillögum meðlima, sem einnig voru prentaðar í tímaritinu (sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 82–83).

<sup>31</sup> Í fyrsta hefti *Magazin für Alle* er tekið fram að tímaritinu sé ætlað að vera „áhugaverður leiðsögumaður um heiminn“ og því er fylgt þannig eftir: „Sú gleði sem hreyfir við okkur mun fá að enduróma hér engu síður en áhyggjur hversdagsins, tækni og vísindi, en á sama hátt verður einnig fjallað um bókmenntir, leikhús og kvikmyndir“ (Anonymus: „An unsere Leser!“, *Magazin für Alle. Zeitschrift der „Universum-Bücherei für Alle“* 1/1929, bls. 1).



þjóðlegu öreigamenningar með því að gefa rými fyrir ólíkar bókmenntategundir og fjölbreytt frásagnarform.

Þær smásögur Daudistels sem birtust í *Blätter für Alle* og *Magazin für Alle* á árunum 1927 og 1929 eru að stofni til stuttar og skemmtilegar sögur um líf verkalýðsbarna, flakkara og sjómanna og má tengja þær ekki aðeins við þýskar uppreisnarbókmenntir heldur einnig alþjóðlegar ævintýrabókmenntir og verk höfunda eins og B. Traven og Jacks London.<sup>32</sup> Sósíalískar bókmenntir bandarískra höfunda voru nokkuð áberandi í *Magazin für Alle* og má þar meðal annars nefna ævintýraskáldsögur eftir Jack London og sósíalíska raunsæistexta og skjöl eftir Theodore Dreiser og Upton Sinclair. Þessir höfundar voru kynntir fyrir lesendum Universum Bücherei í grein eftir Gerhart Pohl í janúar 1929<sup>33</sup> og þess má geta að Daudistel átti í bréfaskiptum við Sinclair allt frá þriðja áratugnum og fram á tíma Íslandsútlegðarinnar,<sup>34</sup> auk þess sem vert er að nefna að það var einmitt Pohl sem hjálpaði Daudistel að flýja Þriðja ríkið veturinn 1935.<sup>35</sup> Nokkra texta Daudistels frá þriðja áratugnum má jafnframt líta á sem heimildarbókmenntir (þ. *Dokumentarismus*), sem þá nutu mikilla vinsælda á vettvangi rauðra heimsbókmennta. Textann „Beim Distrikarzt auf Island“ (Hjá héraðslækni á Íslandi), sem gerist á Eskifirði og fjallar um ferðalag Daudistels um Austurland með Einari Ástráðssyni héraðslækni, má þannig hæglega lesa sem „bókmenntalega vettvangsfrásögn“ eða *literarische Reportage*. Sú bókmennta-grein tók öðru fremur á sig mynd með skrifum Egons Erwins Kisch á öðrum og þriðja áratugnum og einkenndist m.a. af áherslu á staðreyndir, húnur og það sem Kisch kallaði „rökkrétt ímyndunaraff“ (þ. *logische Phantasie*), en ekki síst af sterkri nærveru blaðamannsins bæði innan hins raunverulega sögusviðs og sem sögumanns í textanum.<sup>36</sup>

Áður en þessi texti er tekinn til greiningar er gagnlegt að beina sjónum örlítið nánar að *Eine schön mißglückte Weltreise* frá árinu 1926. Þessi litla bók tilheyrir ekki aðeins alþjóðasinnuðum bókmenntum þriðja áratugarins heldur endurspeglar hún jafnframt – með frásagnarminnum sínum og sérstæðri formgerð – hvernig

<sup>32</sup> Albert Daudistel, „Die Postkarte“, *Magazin für Alle* 7/1929, bls. 8–10.

<sup>33</sup> Gerhart Pohl, „Amerikanische Literatur“, *Magazin für Alle* 1/1929, bls. 16.

<sup>34</sup> Deutsche Nationalbibliothek Frankfurt am Main, Deutsches Exilarchiv, skjöl frá American Guild for German Cultural Freedom, EB 70/117. Albert Daudistel til Söruh F. Brandes, 10. mars 1939.

<sup>35</sup> Gerhart Pohl, „Ein kleines Haus im Sturm der Zeit“ [1948], *Südöstliche Melodie. Essay, Rede, Hörspiel*, Berlín og Stuttgart: Lettner, 1963, bls. 73–76.

<sup>36</sup> Marcus G. Patka, *Egon Erwin Kisch. Stationen im Leben eines streitbaren Autors*, Vín: Böhlau, 1997, bls. 93.

þessar bókmenntir leituðust við að miðla fjölþjóðlegri gagnmenningu verkalýðsins. Það gerir verkið með svipuðum hætti og raunin er í mörgum verkum Franz Jung, Önnu Seghers og Egons Erwins Kisch frá þessu sama tímabili.<sup>37</sup> Skáldsagan samanstendur af sögum sem eru innblásnar af árum Daudistels á flækingi um 1910 og eru sögurnar fléttaðar saman í frásögn fyrstu persónu sögumanns sem ferðast um ólíkar slóðir. Þessi fyrstu persónu sögumaður er svipaður höfundinum sjálfum, en ekki aðeins flækingnum Daudistel sem flakkaði um heiminn og hiti tugi manna úr röðum verkalýðsins og undirverkalýðsins, heldur einnig alþjóðasinnaða verkalýðshöfundinum Albert Daudistel. Í bókinni er hinum síðarnefnda lýst sem persónu er deili enn lífskjörum verkalýðsins og sé því öðruvísi en „höfuðsmenn þýsks skáldskapar á okkar tímum“.<sup>38</sup> Í *Eine schön mißglückte Weltreise* skrifar Daudistel einnig um farandverkamenn og daglaunamenn í frönskum hafnarbæjum, um vegabréfslausa flækinga, um fiskmarkaðsstúlkur í Barcelona og heimilislausan betlara í sömu borg, sem hafði verið ekill í óðaverðbólgunni í Berlín árið 1923 en misst vinnuna fyrst og fremst vegna eðlilegrar kapitalískrar þróunar – vegna þess að hann var of seint á ferð. Daudistel bregður hér upp mynd af alþjóðlegri öreigastétt í ótryggjum tengslum, ekki aðeins vegna fjarlægðar á milli þeirra heldur einnig vegna þess að þessi stétt er samsett (eða ekki samsett) úr fjölbreyttum hópum sem eru markaðir af „misgengi“ á ólíkan hátt. Hugtakið misgengi eða *Ungleichzeitigkeit* er hér sótt í skrif Ernsts Bloch og vísar til úreltra framleiðslu- og atvinnuhátta en einkum til óánægju einstaklinga og þjóðfélags hópa sem vinna enn í gömlum framleiðsluferlum, en hafa á tilfinningunni að þeir séu ófærir um að uppfylla kröfur hins nýja auðvaldssamfélags og halda sig fyrir vikið enn fastar við hefðir gamla tímans.<sup>39</sup> Eins og Bloch lýsir í *Erbenschaft*

<sup>37</sup> Schaub bendir á að líta megi á texta Jungs og Seghers sem „afurðir þverþjóðlegrar dreifingar á textum alþjóðasinnaðra heimsbókmennta og samskipta innan almannavettvangs og gagnmenningar verkalýðshreyfingarinnar“. Hann leggur jafnframt áherslu á hvernig Kisch hafi sviðsett sjálfan sig sem þverþjóðlega persónu og gert vettvangsfrásögnina að þverþjóðlegri bókmenntagrein (sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 36–38).

<sup>38</sup> Albert Daudistel, *Eine schön mißglückte Weltreise*, Berlín: Volksverband der Bücherfreunde, 1926, bls. 37. Tilvitnunin í heild hljómar þannig: „[D]á hvarflaði skyndilega að mér: „Höfuðsmenn þýsks skáldskapar á okkar tímum eru sannarlega öfundsverðir vegna þess að þeir lenda aldrei í þeim vandræðum að þurfa að þræla sér svona út““. Hér er orðaleikur á ferð, því „Hauptmänner“ í frumtextanum vísar ekki aðeins til höfuðsmanna eða háttsettra manna í hernum, heldur skírskotar einnig til nafns Gerhards Hauptmanns, sem var þekktur fyrir leikrit sín í Þýskalandi á þessum tíma, en margir litu svo á að hann hefði fjarlægst verkalýðinn á seinni árum.

<sup>39</sup> Patrick Eiden-Offe hefur bent á að túlka megi áhugann á gömlu miðaldagildunum eða iðnfélögnum (þ. „*Zünfte*“), sem komu upp í Þýskalandi á niðjanda öld, ekki aðeins sem vilja til afturhvarfs á þennan tímamark sögunnar heldur ekki síður sem dulda eða ómeð-

*dieser Zeit* (Arfleifð þessa tíma) mátti ekki síst rekja sigurgöngu nasista í Þýskalandi til þess að þeir kunnu öðrum betur að hagnýta sér það gríðarlega misgengi sem setti mark sitt á Þýskt samfélag þessa tíma. Þeir settu fram harðasta áróðurinn gegn nútímanum (sem margir Þjóðverjar, einkum úr bænda- og smáborgarastétt, fannst þeir ekki standast snúning) en nýttu sér einnig helgimyndir og -siði sem skírskotuðu til fornra hefða og byggðust á óuppfylldum vonum um framtíðina. Að mati Blochs voru mistök hinna sósíalísku aflla og einkum kommúnista í því fölginn að þeir vanmátu andstöðuna við nútímann og lögðu ekki áherslu á að vinna vinstrisinnnað efni úr rótgrónum hefðum. Frá hans sjónarhorni skorti kommúnista áróður sem þýddi hugmyndina um stéttlaust samfélag yfir á áhrifaríkt myndmál er hefði verið þess megnugt að höfða til ólíkra Þjóðfélagshópa sem fundu fyrir þrýstingi í kreppuástandi auðvaldssamfélagsins, þeir hafi m.ö.o. vanrækt að móta grípandi frásagnarhefðir er töluðu til sérstæðs reynsluheims og tilfinninga þessara hópa.<sup>40</sup> Að mati Schaub's var sérstætt gildi hinna alþjóðasinnuðu bókmennta fölgð í því að draga upp mynd af frelsishreyfingu sem var ósamstillt á margvíslegan hátt en knúin áfram af samhygð þrátt fyrir allan mismun.<sup>41</sup>

Í *Eine schön mißglückte Weltreise* birtast hinir snauðu og kúguðu sem einstaklingar er segja Daudistel sögur sínar á meðan sá síðarnefndi birtist sem einstaklingur er hlýðir á þá og rekur sína eigin sögu fyrir þeim. Við þetta bætist að sumar persónur skáldsögunnar bera kennsl á söguhetjuna sem byltingarsinnaða verkalyðshöfundinn Albert Daudistel. Eftir að hafa ferðast um ímyndaðan heim sem sagnamaður og sögusafnari og eftir að hafa farið á enn eitt skipið sem laumu-

---

vitaða gagnrýni á það sem sé að hverfa í kaþalísku samfélagi nútímans og sem birtingarmynd þrjár eftir samveru og samvinnu í framtíðinni (sjá Patrick Eiden-Offe, *Die Poesie der Klasse. Romantischer Antikapitalismus und die Erfindung des Proletariats*, Berlín: Matthes & Seitz, 2020, bls. 65–85).

<sup>40</sup> Í þessu samhengi lét Bloch falla þau orð sem hafa orðið hvað fleygust: „Nasistarnir segja ósatt en tala til fólks, kommúnistarnir segja algjörlega satt en tala aðeins um hluti. Á sama hátt hamra kommúnistarnir oft á slagorðum en jafnan á slagorðum sem allt sprúttið er rokið úr og eru orðin staðin og flöt. Eða þeir sýna þeim sem allan liðlangan daginn þurfa að fást við eintómar tölur, bókarnir, skrifinnsku og brakandi leiðindi og hafa fengið sig fullsadda af „efnahagsmálum“ sínar nákvæmstu tölur, útreikninga og bókarnir.“ (Ernst Bloch, *Erbschaft dieser Zeit*, Zürich: Oprecht & Helbling, 1935, bls. 92).

<sup>41</sup> „Fleirtölumynd hugtaksins öreigaheimar vísar þar með einnig meðvitað til þess að í alþjóðasinnuðum bókmenntum má finna margbreytilega og ólíka upprætti að öreigaheimum, þessu togast oft á innbyrðis, og að í þeim öreigaheimum sem teknir eru til greiningar í þessu riti er um að ræða upprætti sem eru bundnir við tíma og rúm og sýndir í hnattrænni mynd, vegna þess að innan alþjóðahyggju verkalyðshreyfingarinnar læsa heimur öreiganna sig ávallt líka um alla jarðarkringluna í víðum landfræðilegum skilningi.“ (Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 21).

farþegi, fær Daudistel (sem aðalpersóna skáldsögunnar) afhent eintak af fyrstu bók sinni, *Die lahmen Götter*, frá nokkrum sjómönnum. Þar með virðist Daudistel lýsa þeirri ósk að hans eigin bækur megi rata um allan heim og vera lesnar af verkamönnum í öllum heimshornum, en slíkt er einmitt eitt meginеinkenni alþjóðasinnaðra bókmennta þriðja áratugarins.<sup>42</sup>

### *Alþjóðasinnaðar bókmenntir í íslenskri útlegð*

Á fjórða áratugnum reyndi Daudistel að endurvekja tengsl sín við hið alþjóðasinnaða bókmenntakerfi. Í útlegðinni í Danmörku og á Íslandi skiptist Daudistel á bréfum við mikilvæga höfunda innan þessa kerfis eins og Martin Andersen-Nexø, Upton Sinclair og Wieland Herzfelde.<sup>43</sup> Í einu þessara bréfa lýsti Daudistel því yfir við Sinclair að hann væri reiðubúinn að gera bækur hans vinsælar á Íslandi.<sup>44</sup> Þar með tók hann sér stöðu sem umboðsmaður Sinclairs á Íslandi og leitaðist um leið við að skapa sjálfum sér nafn sem miðlari alþjóðasinnaðra heimsbókmennta – í þágu lands sem að hans mati hafði ekki enn fundið sinn stað á ímynduðu landakorti hinnar rauðu heimsmenningar. Hann skrifaði einnig Aleksej Tolstoj, sem þá var yfirmaður Félags sovéskra rithöfunda, til að komast að því hvað hefði orðið um nokkrar lengri og styttri skáldsögur sem hann hafði sent til Moskva árið 1936 með útgáfu í huga.<sup>45</sup> Moskva var án efa helsta miðstöð alþjóðasinnaðra bókmennta bæði á þriðja og fjórða áratugnum og allar bækur Daudistels sem komu út frá 1925 til 1928 höfðu verið gefnar út í rússneskum þýðingum.<sup>46</sup>

Skömmu eftir upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar lét Daudistel til sín taka í tengslum við málefni sem hefur augljóslega höfðað til hans sem fyrrverandi „rauðs sjóliða“ og „alþýðufulltrúa fyrir pólitíska flóttamenn og erlenda byltingarsinna“ í Bæjaralandi árið 1919. Í september 1939 höfðu fjórir ungir þýskir sjómenn flúið verslunarskip sitt í Reykjavík af ótta við að vera knúnir til að taka

<sup>42</sup> Sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 60.

<sup>43</sup> Akademie der bildenden Künste Berlin, gögn Wielands Herzfelde, 382. Daudistel til Herzfeldes 7. júlí 1945; Greint er frá því að Daudistel hafi skrifað Andersen-Nexøs í bréfi Rollands til Stefan Zweig (sjá Romain Rolland og Stefan Zweig, *Briefwechsel 1910-1940*, 2. bindi, þýðendur Gerhard Schewe og Christel Gersch, Berlín: Rütten & Loening, 1987, bls. 627).

<sup>44</sup> Deutsche Nationalbibliothek Frankfurt am Main, Deutsches Exilarchiv, gögn frá American Guild for German Cultural Freedom, EB 70/117. Ódagsett bréf Daudistels til Upton Sinclair.

<sup>45</sup> Leibniz-Zentrum für Zeithistorische Forschung Potsdam, gögn Simone Barcks. Albert Daudistel til Aleksejs Tolstoj 6. febrúar 1939.

<sup>46</sup> RGALI Moskva, 631 14 19, Gögn Sambands sovéskra rithöfunda, Skrár um Albert Daudistel frá 1937.

þátt í bardögum. Íslensk yfirvöld settu ungu mennina í fangelsi að beiðni þýska sendiherrans.<sup>47</sup> Á meðan vinstrisinnaðir Íslendingar reyndu að beita íslensk yfirvöld þrýstingi skrifaði Daudistel grein sem hann sendi til American Guild for German Cultural Freedom og ætlaði til dreifingar á andfasiskum og alþjóðasinnuðum vettvangi. Greinin er athyglisverð vegna þess að þar ræðir Daudistel einnig ólíka þætti er snúa að þróun mannúðarmála og lýðræðis á Íslandi, en það efni átti hann síðar eftir að fjalla nánar um í óútgefinni útleigðarskaldsögu sinni, *Die Insel des fremden Königs* (Eyja hins erlenda konungs). Þar kannar Daudistel jafnframt frelsisímyndir í forníslenskum bókmenntum (þ.á m. í *Hávamálum* og *Grettis sögu*) og tefllir þeim gegn goðsagnakenndum Íslandsímyndum fasismans.

*Die Insel des fremden Königs* má lýsa sem blendingi þeirra tveggja tegunda alþjóðasinnaðra bókmennta sem hér hafa verið til umræðu. Annars vegar er skáldsagan greinilega undir áhrifum frá hugmyndum og áherslum samfylkingarinnar (þ. *Volksfront*) og mikið er fjallað um íslenska ættjarðarvini sem hefðu átt að sameinast fyrr til að reyna á mátt dönsku nýlenduherranna.<sup>48</sup> Hins vegar bregður skáldsagan upp svipmyndum af ömurlegum lífskjörum fátæks fólks á Íslandi, ekki aðeins í því skyni að varpa ljósi á ákveðna þætti Íslandsögunnar heldur ramar skáldsagan þessi atriði inn sem þætti í íslenskri hamfarasögu sem á sinn hátt endurspeglar kúgunaröfl heimssögunnar. Að lokum túlkar Daudistel mótmæli Jóns Sigurðssonar og þjóðfundinn í Reykjavík árið 1851 sem nokkurs konar messíanískan vettvang Íslandssögunnar og leitast við að tengja atburðinn sinni eigin von um horfur á nýju upphafi mannkynssögunnar, jafnt fyrir sjálfan sig og heiminn í heild. Þessari afstöðu svipar um margt til kenninga Walters Benjamin í „Über den Begriff der Geschichte“ (Um söguhugtakið), greinum sem voru skrifaðar gegn þeirri vélrænu framfarahyggju sem Benjamin taldi ekki aðeins einkenna heimssýn sósíaldemókrata heldur einnig Sovétríkjanna á tímum Stalíns.<sup>49</sup> Hliðstæðurnar við grein Benjamins eru á sinn hátt til marks um rætur *Die Insel des fremden Königs* í alþjóðasinnuðum bókmenntum þriðja áratugarins, í voninni um heimsbyltingu og tilraunakennda uppbyggingu hennar. Þessi bakgrunnur kann að vera ein meginástæða þess að skáldsagan fékkst ekki gefin út á vegum Aufbau-Verlag í Austur-Þýskalandi árið 1952, þrátt fyrir að Daudistel hafi átt í löngum og nokkuð ítarlegum bréfaskiptum sem tengdust slíkum áformum.<sup>50</sup>

<sup>47</sup> Þór Whitehead, *Stríð fyrir ströndum*, Reykjavík, Almenna bókafélagið, 1985, bls. 278–291.

<sup>48</sup> Universitätsbibliothek Johann Christian Senckenberg Frankfurt am Main, Ms\_Ff\_A\_Daudistel\_I\_6. Albert Daudistel, *Die Insel des fremden Königs*, 1952, bls. 280.

<sup>49</sup> Walter Benjamin, „Um söguhugtakið“, þýðandi Guðsteinn Bjarnason, *Hugur* 17/2005, bls. 27–36.

<sup>50</sup> Staatsbibliothek Berlin, Skjalasafn Aufbau-forlagsins, 38, 0911. Bréfaskipti milli Max Schröder og Alberts Daudistel.

Líkt og *Die Insel des fremden Königs* má segja að sagan „Beim Distrikararzt auf Island“ liggi á mótum þeirra tveggja hefða alþjóðasinnaðra bókmennta sem hér hefur verið fjallað um. Þennan stutta texta skrifaði Daudistel árið 1938 fyrir þýska útleigðartímaritið *Das Wort*, sem þá var gefið út í Moskvu, en textinn kom þó aldrei út.<sup>51</sup> Í textanum lýsir Daudistel ferð sinni til Eskifjarðar, landsvæðis þar sem kommúnistar fengu frekar mikinn stuðning. Á Eskifirði dvaldi Daudistel á heimili Einars Ástráðssonar héraðslæknis og birtist Einar í textanum sem vitur og góðhjartaður einstaklingur er hlúir að fátæklingum í héraði, en jafnframt sem verklaginn og félagslyndur maður.<sup>52</sup> Lýsing textans á Einari minnir um margt á vinsælar skýrslur og ritgerðir um lýðræðislega leiðtoga frá fjórða áratugnum, má í því samhengi nefna þá mynd sem Klaus Mann dregur upp af Edvard Beneš, forseta Tékkóslóvakíu,<sup>53</sup> og grein þar sem Thomas Mann fjallar um „herskóa mannhyggu“ (þ. *militanter Humanismus*) og lýsir F.D. Roosevelt.<sup>54</sup> Þetta atriði rímar við þá staðreynd að í texta Daudistels er ekki lögð áhersla á stéttaandstæður eða stéttabaráttu á Íslandi, þótt Eskifjörður hafi orðið illa úti í hinni alþjóðlegu efnahagskreppu nokkrum árum fyrr. Bænum – og Íslandi almennt – er öllu heldur lýst sem nokkurs konar fyrirmynd að friðsælu borgaralegu samfélagi og jákvæðu dæmi um hlutverk jaðarheima á þeim tíma þegar fasisminn tröllríður Evrópu. Þessar áherslur eru mjög í anda samfylkingarstefnu og alþjóðasinnaðra bókmennta fjórða áratugarins. Á hinn bóginn á sagan sér einnig rætur í alþjóðasinnuðum bókmenntum þriðja áratugarins, í þeim skilningi að Daudistel gerir grein fyrir sérstöðu vinnuumhverfisins og lífsins á Austurlandi um leið og hann sýnir hvernig það er tengt umheiminum. Þannig byggist upp mynd af heiminum sem „margbrotnum heimi“, svo aftur sé gripið til þess hugtaks Blochs með hliðsjón af skrifum Schaub.<sup>55</sup> Það er einmitt í þessu samhengi sem Daudistel sækir aftur til íslenskra alþýðuhefða og þjóðsagna,<sup>56</sup> ekki aðeins sem menja úr

<sup>51</sup> Textinn kom fyrst út fyrir skemmstu þegar ég bjó hann til útgáfu í samvinnu við Walter Fähnders: Albert Daudistel, „Beim Distrikararzt auf Island“ [1939/40], *Abwärts!* 41/2021, bls. 4–7.

<sup>52</sup> Albert Daudistel, „Beim Distrikararzt auf Island“, bls. 4.

<sup>53</sup> Klaus Mann, „Eine Stunde mit Beneš“, *Das Wunder von Madrid*, Hamburg: Rowohlt, 1993, bls. 186.

<sup>54</sup> Thomas Mann, *The Coming Victory of Democracy*, London: Secker & Warburg, 1938, bls. 48 og 72.

<sup>55</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 25.

<sup>56</sup> Dæmi um beitingu Daudistels á þessari aðferð má ekki aðeins finna síðar í *Die Insel des fremden Königs* heldur einnig í grein frá fjórða áratugnum, þar sem hún tengist umræðu höfundarins um íslenska myndlist (sjá: Albert Daudistel, „Ísland í draumsýn og veruleika“, *Lesbók Morgunblaðsins* 20. mars 1938, bls. 84–85).

fortíðinni heldur einnig sem tákns er vísar til framtíðar. Gott dæmi um þetta er læknisbílinn sem sögupersónurnar Einar Ástráðsson og Albert Daudistel ferðast á í „Beim Distrikarzt auf Island“, til að heimsækja sjúkling sem býr á afskekktum bæ á Fljótsdalshéraði. Í textanum er tekið fram að íbúar á Austurlandi hafi kallað bílinn „Grýlu“. Þetta tengir texta Daudistels við íslenska menningarhefð og rímar einnig vel við lýsinguna á bílnum, sem birtist lesendum í senn sem afurð nútímatekni og sem persóna eða kynjaveru úr þjóðsögu. Bílinn er skyldur þeim símamöstrum sem brugðið er upp mynd af í textanum, en möstrunum sem lýst er sem „stærðfræðilegum“ í eftirfarandi textabroti, er annars staðar í sögunni lýst sem friðsælum hjarðdýrum:<sup>57</sup>

Hann [Einar héraðslæknir] benti til vinstri og sagði: „Sjáið þér símamöstrin þarna? Fjarskiptastöðin velur leið stærðfræðinnar, yfir grjótskríður og ófær gljúfur!“ Orð hans þýddu: „Ísland er stórt, en íbúaföldi þess er aðeins á við evrópska smáborg. Þessi smáþjóð þarf að verða sér úti um allt það sem hún þarfnast og getur byggt eitthvað úr. Á Íslandi vaxa engin símamöstr, á Íslandi verða ekki til neinar vélar, það verður að kaupa allar afurðir siðmenningarinnar dýru verði frá útlöndum! Ég kinkaði kalli. Og Grýla þrammaði og vagggaði og vældi og kyrjaði sinn kraftasöng. [-] Undir förunauti okkar söng í brúnum, gömlum og nýjum, með og án riða.“<sup>58</sup>

Fleiri frásagnarminni í „Beim Distrikarzt auf Island“ leggjast á eitt við að draga upp mynd af Austurlandi sem nokkurs konar útópíu sem teygir sig hér og nú inn í fortíð og framtíð. Skýrasta dæmið er líkast til lýsingin á kláfnum yfir Jökulsá á Brú, sem Daudistel kallar annars vegar „forníslenska kláfferju“ en er hins vegar merkt með áletruninni „Sunlight-Seife“ eða „Sunlight sápa“,<sup>59</sup> sem dæmigerður nútímalegur verslunarvarningur. Í textanum birtist kláfurinn sem eins konar miðill sem virðist ekki aðeins tengja fjöldamenningu nútímans við íslenska fornmenningu heldur ferjar einnig sögupersónuna Daudistel yfir á það Austurland sem horfir til framtíðar. Eins og smásagan nefnir ítrekað er þar viðhaldið starf-

<sup>57</sup> Albert Daudistel, „Beim Distrikarzt auf Island“, bls. 4–7.

<sup>58</sup> Sama heimild, bls. 4–5.

<sup>59</sup> Fleiri atriði í „Beim Distrikarzt auf Island“ varpa ljósi á vettvanginn, eins og honum er lýst í textanum, sem „efnisbundna útópíu“ (þ. *konkrete Utopie*) í skilningi Blochs. Fjallað er í nokkuð löngu máli um erfiðleikana á Eskifirði í kjölfar heimskreppunnar 1930 og gefin skýr dæmi. Að auki er hinu borgaralega samfélagi á Austurlandi líkt við svipuð samfélög í öðrum heimshlutum og hvoru tveggja er teft gegn ofbeldisverkum fasisma.



hæfu samfélagi með samskiptum og gagnkvæmri aðstoð íbúa – yfir langar vegalengdir og í gegnum jafnvel enn meiri erfiðleika.

Þannig kallast texti Daudistels ekki aðeins á við skrif þeirra Ernsts Bloch<sup>60</sup> og Walters Benjamin heldur ber hann einnig keim af skrifum Egons Erwins Kischs, sem líkt og Bloch og Benjamin var óhefðbundinn marxisti og jafnframt einn helsti fulltrúi hinna alþjóðasinnuðu bókmennta á þýsku málsvæði á þriðja áratugnum, þrátt fyrir að hann hafi einnig orðið lykilhöfundur í seinni tegund alþjóðasinnaðra bókmennta sem varð ríkjandi á fjórða áratugnum. Síðar á höfundarferli sínum færði Kisch sig í auknum mæli yfir í skrif sem hann kenndi við „þrívíðar vettvangsfrásagnir“ (þ. *dreidimensionale Reportagen*), texta sem hverfast einmitt um raunverulega atburði og skilyrði í löndum sem lifa enn í fortíð, í nútíðinni og þegar í framtíð, en bókin *Asien gründlich verändert* (Asía umbreyttist, 1932) er líkast til skýrasta dæmið um þessa áherslubreytingu.<sup>61</sup> Eins og *Das Opfer* kom bókin út á vegum Universum Bücherei für Alle og líkt og „Beim Distrikarzt auf Island“ má lýsa þessu verki sem blöndu ferðalýsingar og vettvangsfrásagna. Ekki er ósennilegt að Albert Daudistel hafi þekkt þessa bók, ekki síst í ljósi þess að hún fjallar um þau lönd Mið-Asíu sem voru hluti Sovétríkjanna á þessum tíma. Um þau skrifaði líka Daudistel í *Die Hungersteppe* (ísl. *Hungursteppan*), annarri óutgefinni skáldsögu þar sem hann gerir umfram allt grein fyrir þeim miklu framförum sem höfðu orðið á sviði kvenfrelsis með starfi Sovétmanna í Mið-Asíu.<sup>62</sup>

### Lokaorð

Daudistel tengdist bókmenntakerfi alþjóðasinnaðra bókmennta á þriðja áratugnum með margvíslegum hætti. Hann vísaði til og var nefndur sem einn af lykilhöfundum hins nýja hefðarveldis, auk þess sem hann átti í stöðugu sambandi við einstaklinga sem gegndu virku hlutverki í að auka vinsældir og stuðla að útbreiðslu þessara bókmennta, þó að þeir hafi ekki staðið í fremstu röð, líkt

<sup>60</sup> Eins og Sebastian Schuller hefur nýlega dregið fram hélt Bloch síðar fram þeirri hugmynd, að í samhengi hins ósamstillta sé ekki aðeins um að ræða áhrif fortíðar í nútíðinni heldur einnig áhrif framtíðar í nútíðinni, það sem hann kallar misgengi (sjá Sebastian Schuller: „Time is (not) out of Joint. Inquiries on Non-Synchronicity in Times of Late Capitalism“, *philosophy world democracy*, 21. desember 2020, sótt 16. nóvember 2023 af <https://www.philosophy-world-democracy.org/articles-1/time-is-not-out-of-joint#viewer-bopq7>; Ernst Bloch, *Einleitung in die Philosophie* [*Werkausgabe*, 13. bindi], Frankfurt am Main, Suhrkamp, 1970, bls. 114–122.

<sup>61</sup> Sjá Christian Buckard, *Egon Erwin Kisch. Die Weltgeschichte des rasenden Reporters*, Berlin og München: Berlin-Verlag, 2023, bls. 219.

<sup>62</sup> Sama heimild, bls. 219–220; Universitätsbibliothek Johann Christian Senckenberg Frankfurt am Main, Ms\_Ff\_A\_Daudistel\_I\_3. Albert Daudistel: *Die Hungersteppe und andere Erzählungen*, 1936, bls. 1–54.

og tengsl hans við Gerhard Pohl sýna. Sem rithöfundur úr röðum verkalýðssinn- aðra uppreisnarmanna sem sendi frá sér fjölda verka í stíl rauðra ævintýrabók- mennta, líkt og höfundar á borð við B. Traven og Jack London eða höfundar eins og Ludwig Turek, Kurt Kläber og Adam Scharrer í Þýskalandi, tengdist hann þeirri vinnu með fjölbreytt og oft smærri frásagnarform sem voru sam- ofin áherslum hinna nýju alþjóðasinnuðu bókmennta. Skáldsaga eins og *Eine schön mißglückte Weltreise* endurspeglar frásagnarhefðir og formvitund þessara bók- mennta, en í henni kristallast einnig hugmyndin um þverþjóðlegar bókmenntir sem dreifast um heiminn þveran. Á Íslandi var Daudistel ennþá undir áhrifum alþjóðasinnaðra bókmennta og hefðarveldis þeirra. Hann var í tengslum við lykilhöfunda eins og Upton Sinclair og ætlaði sér það verkefni að gera þennan höfund enn þekktari á Íslandi. Í skrifum sínum í útleððinni hélt hann einnig áfram að vinna úr hefð alþjóðasinnaðra bókmennta frá þriðja áratugnum. Bæði smásagan „Beim Distrikarzt auf Island“ og skáldsagan *Die Insel des fremden Königs* eru mótaðar af hugmyndinni um „margbrotinn heim“ verkalýðsins og má þar einkum nefna birtingarmyndir sögulegs misgengis, sem báðir textarnir sýna á já- kvæðan hátt. Á tímabili samfylkingarstefnunnar á síðari hluta fjórða áratugarins má þó einnig greina augljós ummerki þess nýja skilnings á alþjóðasinnuðum bókmenntum sem þá reis hvað hæst. Þar má ekki síst nefna þá mynd sem „Beim Distrikarzt auf Island“ dregur upp af aðalpersónunni, sem er dæmigerð sögu- hetja samfylkingarinnar, en einnig má benda á hvernig hér er dregin upp mynd af þeim verkefnum sem þjóðrækinni borgarastétt hefði verið skylt að leggja rækt við á ólíkum tímupunktum sögunnar. Sú saga kom þó aldrei út á prenti, ekki fremur en þau lengri verk sem Daudistel skrifaði í útleðð sinni á Íslandi. Þann- ig má segja að rödd hans hafi í vissum skilningi þagnað og nafn hans nánast horfið úr bókmenntasögunni. Eins og hér hefur verið sýnt fram á er þó ástæða til að gefa skrifum hans frá tíma Íslandsútleððarinnar nánari gaum. Greining á verkum hans stuðlar ekki aðeins að því að draga upp breiðari og fyllri mynd af örlögum og verkum þeirra þýskumælandi listamanna sem hingað rötuðu á tíma útleððarinnar, en segja má að ritun þeirrar sögu sé að nokkru leyti hafin með rannsóknum á verkum höfunda og listamanna eins og Melittu Urbancic og Wil- helms Ernsts Beckmann.<sup>63</sup> Slík greining beinir jafnframt sjónum að verkum eins

<sup>63</sup> Melitta Urbancic, *Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt*, þýðandi Sölvi Björn Sigurðsson, rit- stjóri Gauti Kristmannsson, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungu- málum, 2014; Atli Rúnar Halldórsson o.fl. (ritstjórar), *Beckmann*, Akureyri: Svarfðælasýsl for- lag sf., 2020; Lilja Schopka-Brasch, „Wilhelm Ernst Beckmann (1909-1965). Holzbildhauer, Hamburger und Sozialdemokrat findet Asyl in Island“, *Fluchtpunkt Hamburg Zur Geschichte von Flucht und Migration in Hamburg von der Frühen Neuzeit bis zur Gegenwart*, ritstjórar Nele Maya Fahrenbruck og Johanna Meyer-Lenz, Bielefeld: transkript 2018, bls. 105–116.

þeirra höfundu þýsku útleðarinnar sem fallið hafa í gleymsku og kann að geyma mikilvægt framlag til rannsókna á þeim vettvangi. Ekki síst varpar hún ljósi á þá sérstæðu mynd sem sagnahefðir alþjóðasinnaðra bókmennta gátu tekið á sig á mörkum ólíkra heima í pólitískum hrakningum fjórða og fimmta áratugarins.<sup>64</sup>

## ÚTDRÁTTUR

Greinin fjallar um verk þýska byltingarsinnans og öreigahöfundarins Alberts Daudistel og lýsir tengslum þeirra við tvær tegundir rauðra heimsbókmennta frá upphafi þriðja áratugarins til loka þess fimmta. Hún kannar með hvaða hætti Daudistel, sem hafði tekið virkan þátt í þýsku nóvemberbyltingunni árið 1918 og gegnt pólitísku hlutverki á tíma ráðstjórnar lýðveldisins í Bæjaralandi vorið 1919, var fulltrúi þeirrar fyrri tegundar rauðra heimsbókmennta sem tók á sig mynd á þriðja áratugnum. Greinin dregur fram tengsl Daudistels við mikilvægar stofnanir þessa sérstæða bókmenntavettvangs og lykilaðila innan hans. Einnig varpar hún ljósi á hvernig Daudistel tengdist myndun nýs hefðarveldis byltingarsinnaðra bókmennta á þessu tímabili. Enn fremur er kannað, með hliðsjón af söguþræði og frásagnarbyggingu, að hvaða marki sumir texta höfundarins eru lýsandi dæmi um lykilhugmyndir þessarar fyrri tegundar rauðra heimsbókmennta, þ.á m. hugmyndina um misgengi byltingarþróunar og verkalýðsmenningar í ólíkum heimshlutum, sem síður var litið á sem veikleika en mögulegan styrk. Með greiningu á ævisögulegum heimildum og tveimur síðari textum, smásögunni „Beim Distrikartz auf Island“ og óútgefnu skáldsögunni *Die Insel des fremden Königs*, er loks kannað með hvaða hætti Daudistel hélt fast í hugmyndir þessarar fyrri tegundar byltingarsinnaðra bókmennta í útleð sinni á Íslandi, en miðlaði einnig meginhugmyndum síðari tegundar rauðra heimsbókmennta, sem kalla mætti „alþjóðasinnaðar samfylkingarbókmenntir“. Hér svipar stöðu hans að mörgu leyti til stöðu Egons Erwins Kisch sem var lykilhöfundur á samfylkingartímabilinu en hélt þó áfram að skrifa texta sem voru frekar í anda hugmynda um margbrotna alþjóðlega verkalýðsmenningu, sem rekja má til alþjóðasinnaðra bókmennta þriðja áratugarins.

*Lykilorð:* Albert Daudistel; þýsk útleð á Íslandi; öreigabókmenntir; vettvangsfrásagnir; Egon Erwin Kisch

<sup>64</sup> Ég fjalla með ítarlegri hætti um feril Daudistels og skrif hans í útleðinni í doktorsritgerð minni, *Islandexil und Widerstand im nachgelassenen Spätwerk Albert Daudistels*, sem nýverið var lögð fram og biður nú varnar til sameiginlegrar doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og Ludwig-Maximilians-Universität in München. Sú rannsókn var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

ABSTRACT

**Visiting a District Doctor in Iceland after a Failed Journey across the World:  
Albert Daudistel, Internationalist Literature and the Exile in Iceland**

The article discusses the works of German proletarian-revolutionary writer Albert Daudistel and their relation to two different types of red world literature. Following the author's career from the early 1920s until the late 1940s it first examines how Daudistel, who had taken an active part in the November Revolution in Germany in 1918 and held a political function during the following period of the Bavarian Council Republic, represented different aspects of a first conception of red world literature that took shape in the 1920s. The article traces Daudistel's connections, as a professional writer in 1920s Berlin, to important institutions of this specific type of literature as well as to its key agents. It further highlights in what way Daudistel was part of canonization-processes in that counter-cultural field and examines to what extent some of his texts represented key ideas of this first type of red world literature, which for example regarded the non-synchronicity of different working-class cultures around the world not as a weakness but as a possible strength. Secondly the article demonstrates, by analysing biographical documents as well as Daudistel's later short story "Beim Distrikararzt auf Island" and the unpublished novel *Die Insel des fremden Königs*, that the author still held on to the ideals of this first type of red world literature during his years of exile in Iceland, but also represented key ideas of a later type that could be named "internationalist "popular front"-literature". In this regard his position is similar to that of an author like Egon Erwin Kisch, who was one of the key figures of the Popular Front while at the same time holding on to aesthetic notions of a plural global working class rooted in the 1920s.

*Keywords:* Albert Daudistel; German exile in Iceland; proletarian literature; literary reportage; Egon Erwin Kisch

JONAS BOKELMANN

Doktorsnemi við LMU München og Háskóla Íslands

Kennari við lýðháskóla og sumarskóla í Þýskalandi

jonas.bokelmann@gmail.com

